

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 5. apríl 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-43/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 4. júní 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir að bifreiðin hafi verið haldin galla og krefst þess að seljandi endurgreiði sér viðgerðarkostnað að fjárhæð 100.255 krónur.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 12. júní 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 1. apríl 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Chevrolet Cruze, árgerð 2013, af seljanda fyrir um þrjár milljónir króna þann 5. september 2013. Skipta varð um bremsubarka í bifreiðinni þann 8. mars 2018 og nam kostnaður við þá viðgerð 100.255 krónum. Í viðgerðinni átti aðeins að skipta um bremsuklossa en að sögn álitsbeiðanda kom þar í ljós að bremsubarki var ónýtur sem var ástæða þess að klossar voru eyddir. Þurfti því að skipta um bremsuklossa og bremsudiska ásamt handbremsubarka.

Álitsbeiðandi segir að ekki hafi verið mögulegt að gefa seljanda kost á að gera sjálfur við bremsurnar þar sem orsök meints galla hafi ekki komið í ljós fyrr en viðgerð var hafin. Bifreiðin hefur farið í reglulegar þjónustuskóðanir til seljanda þar sem meðal annars bremsur hafa verið þjónustaðar.

Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi hafnað því að greiða viðgerðarkostnað á þeim grundvelli að ábyrgðartími bifreiðarinnar sé þrjú ár og honum hafi lokið 5. september 2016. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði honum reikning vegna viðgerðarinnar þar sem bifreiðin var ekki orðin fimm ára gömul þegar hún bilaði. Telur álitsbeiðandi að bremsubarki bifreiðarinnar hafi verið gallaður og honum hafi verið ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist, samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

### **IV**

#### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 af seljanda þann 5. september 2013, en þegar bilun í bremsubarka bifreiðarinnar kom í ljós í mars árið 2018 voru um það bil fjögur og hálf ár frá því álitsbeiðandi hafði fest kaup á bifreiðinni.

Kærunefndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“*

Sem fyrr segir kvartaði álitsbeiðandi undan galla við seljanda um fjórum og hálfu ári eftir kaupun. Íhlutum bifreiða er ætlaður mislangur endingartími, sumir íhlutir bifreiða slitna við notkun og þá þarf að endurnýja reglulega með eðlilegu viðhaldi. Ýmsir umhverfisþættir og almenn umhirða geta haft áhrif á endingu slíkra íhluta en kvörtunarfrestur vegna galla slíkra íhluta er að hámarki tvö ár. Hins vegar er hægt að vænta þess að aðrir íhlutir endist mun lengur. Í þeim tilfellum er kvörtunarfrestur fimm ár í samræmi við framangreint ákvæði.

Að áliti kærunefndarinnar er handbremsubarki þess eðlis að ekki er hægt að ætla honum verulega lengri líftíma en almennt gerist um íhluti söluhluta, sbr. ákvæði 2. málslíðar 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, en bifreið álitsbeiðanda var rúmlega fjögurra ára og sex mánaða þegar bilunin kom fram. Að áliti kærunefndarinnar verður þessi bilun í bifreiðinni ekki rakin til framleiðslugalla sem lagt verði á seljanda að bæta úr heldur sé um slit að ræða sem búast má við að verði í bifreið á sama aldri og bifreið álitsbeiðanda. Kvörtunarfrestur samkvæmt 1. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 sem hér á við, þ.e. tveggja ára kvörtunarfrestur, var því liðinn þegar bilun í handbremsubarka kom í ljós. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## V

### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson